

# ÁRSSKÝRSLA 2020

Starfsáætlun 2021

**FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
VESTFJARÐA**



**Fræðslumiðstöð Vestfjarða**  
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

**Fræðslumiðstöð Vestfjarða**  
Kennitala 511199-2049  
Suðurgata 12, 400 Ísafjörður  
Heimasíða [frmst.is](http://frmst.is)  
Netfang [frmst@frmst.is](mailto:frmst@frmst.is)  
Ársskýrsla 2020 og starfsáætlun 2021

Mái 2021

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Fræðslumiðstöð Vestfjarða .....	5
Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2020.....	6
Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum .....	7
Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2020.....	7
Kennarar og leiðbeinendur.....	7
Starfsstöðvar og starfsaðstaða.....	8
Ísafjörður .....	8
Hólmavík.....	8
Patreksfjörður.....	8
Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	9
Formlegir samstarfsaðilar.....	9
Mennta- og menningarmálaráðuneytið.....	9
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður .....	9
Háskólasetur Vestfjarða .....	10
Fjölmennnt .....	10
Virg og Starfsendurhæfing Vestfjarða .....	10
Námið .....	11
Fjöldi námskeiða.....	11
Fjöldi þátttakenda .....	12
Fjöldi nemendastunda.....	12
Nemendastundir eftir svæðum (kennslustað) .....	13
Skipting eftir búsetu þátttakenda .....	14
Aldurskipting þátttakenda og kynjahlutfall.....	14
Vottaðar námsleiðir.....	15
Réttindanámskeið.....	16
Íslenskunámskeið fyrir útlendinga .....	17
Almenn námskeið.....	17
Fullorðinsfræðsla fatlaðra .....	18
Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl.....	18
Raunfærnimat .....	19
Þjónusta við atvinnulíf.....	20
Fræðsla í fyrirtækjum .....	20
Þjónusta við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum .....	20
Samstarf við stéttarfélag og starfsmenntasjóði .....	20

Gæðavottun .....	21
Persónuverndarstefna.....	21
Frístundafiskimenn.....	22
Próunarverkefni.....	22
Starfsáætlun 2021 .....	23
Starfsmarkmið fyrir árið 2021 .....	23
Fjárhagsáætlun 2021 .....	24
Vottaðar námsleiðir.....	24
Náms- og starfsráðgjöf.....	25
Raunfærnimat .....	25
Íslenska fyrir útlendinga .....	25
Fullorðinsfræðsla fyrir fólk með fötlun .....	26
Erlend verkefni .....	26
Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir .....	26
Lokaorð.....	26

## Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Hér gefur að líta 21. ársskýrslu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og er henni ætlað að lýsa starfsemi og verkefnum miðstöðvarinnar árið 2020. Einnig fylgir starfsáætlun fyrir árið 2021.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er sjálfseignarstofnun sem hefur það markmið að efla menntun á Vestfjörðum og þá einkum að standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið. Í þessu sambandi skulu þarfir atvinnulífs og íbúa sérstaklega hafðar í huga. Lögð skal áhersla á að sem flestir íbúar Vestfjarða hafi aðgang að þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar óháð búsetu. Fræðslumiðstöðin hafi enn fremur forgöngu um fjarkennslu á sem flestum sviðum.

Helstu verkefni sem starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sinnti á árinu 2020 voru:

- Umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
- Skipulagning og hönnun námskeiða
- Umsjón með almennum námskeiðum
- Raunfærnimat
- Náms- og starfsráðgjöf
- Hvatningarviðtöl
- Ráðgjöf til fyrirtækja
- Upplýsingamiðlun
- Nemendabókhald
- Afgreiðsla og bókhald
- Undirbúningur fyrir gæðaúttekt
- Próftaka háskólanema og annarra á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði

Með samantekt þessari leggur Fræðslumiðstöð Vestfjarða fram gögn um starfsemi ársins 2020 og drög að starfsemi ársins 2021.

## Fulltrúaráð og stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2020

Við Fræðslumiðstöðina er starfrækt fulltrúaráð, skipað einum fulltrúa frá hverjum stofnaðila og einum til vara. Fulltrúaráðið er æðsta stjórn miðstöðvarinnar. Hlutverk þess er að ákveða meginþætti í stefnu og starfstilhögun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er þannig skipað:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks	Sif Huld Albertsdóttir – varaformaður fulltrúaráðs	Aðalstein Óskarsson
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir	Viktoría Kr. Guðmundsdóttir
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Baldur Smári Einarsson	Árný Huld Haraldsdóttir
Menntaskólinn á Ísafirði	Jón Reynir Sigurvinsson,	Hildur Halldórsdóttir
Náttúrustofa Vestfjarða	Sigurður Halldór Árnason	Hulda Birna Albertsdóttir
Útvegsmannafélag Vestfjarða	Einar Valur Kristjánsson	Kristján G. Jóakimsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga (áður Alþýðusamband Vestfj.)	Ásdís Birna Pálsdóttir	Margrét Jóhanna Birkisdóttir
Vestfjarðastofa (áður Atvinnuþróunarfélag Vestfj.)	Sigríður Kristjánsdóttir	Aðalsteinn Óskarsson
Vinnuveitendafélag Vestfjarða	Kristján G. Jóhannsson – formaður fulltrúaráðs	Sigurður Viggósson

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipuð fimm fulltrúum. Þrjú aðalfulltrúar og þrjú til vara eru kosnir á aðalfundi fulltrúaráðs, einn aðalfulltrúi og einn til vara eru tilnefndir af skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði og þá á formaður fulltrúaráðs sjálfkrafa setu í stjórn og er varaformaður fulltrúaráðs varamaður hans. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða skipa nú:

- Jón Reynir Sigurvinsson, formaður, Menntaskólanum á Ísafirði
- Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir, Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- Arnheiður Jónsdóttir
- Kristján G. Jóhannsson, Vinnuveitendafélagi Vestfjarða
- Sigurður Halldór Árnason, Náttúrustofu Vestfjarða

Varamenn stjórnar:

- Ásdís Birna Pálsdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
- Einar Valur Kristjánsson, Útvegsmannafélagi Vestfjarða
- Hildur Halldórsdóttir, Menntaskólanum á Ísafirði
- Margrét Birkisdóttir, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga
- Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir, Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Á milli aðalfunda hélt stjórnin einn bókaðan fund. Formaður stjórnar og formaður fulltrúaráðs voru í tíðari samskiptum við forstöðumann.

## Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar í öðrum stofnunum

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á aðild að Háskólasetri Vestfjarða, Vestfjarðastofu og Starfsendurhæfingu Vestfjarða. Eftirtaldir eru fulltrúar miðstöðvarinnar á aðalfundum/ársfundum þessara aðila:

Háskólasetur Vestfjarða: Aðalmaður Dagný Sveinbjörnsdóttir, varamaður Sædis María Jónatansdóttir.

Vestfjarðastofa: Aðalmaður: Sædis María Jónatansdóttir, varamaður Dagný Sveinbjörnsdóttir.

Starfsendurhæfing Vestfjarða: Aðalmaður Sædis María Jónatansdóttir, varamaður Sigurborg Þorkelsdóttir.

## Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2020

Í lok árs 2020 voru 10 fastir starfsmenn hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Á ársgrundvelli voru stöðugildin 5,8 eins og árið á undan.

Á árinu urðu þær breytingar að Davíð Rúnar Gunnarsson var ráðinn verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafirði.

Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2020 var:

- Barbara Maria Gunnlaugsson, verkefnastjóri, 80% starfshlutfall.
- Dagný Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri, 50% starfshlutfall.
- Davíð Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafirði, 50% starfshlutfall. Hóf störf 1. september 2020.
- Elzibeta Pawluczuk, ræsting, 25% starfshlutfall.
- Helga Konráðsdóttir, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi, 100% starfshlutfall.
- Kristín Pétursdóttir, bókari, 50% starfshlutfall.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, verkefnastjóri og markþjálfari, 100% starfshlutfall til 30. september, 50% starfshlutfall frá 1. október.
- Sólveig Bessa Magnúsdóttir, verkefnastjóri, 50% starfshlutfall.
- Sædis María Jónatansdóttir, forstöðumaður, 100% starfshlutfall
- Unnur Ólafsdóttir, þjónustustjóri á Ströndum og Reykhólum, 25% starfshlutfall.

## Kennarar og leiðbeinendur

Stór hluti af starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða byggist á vinnu verktaka sem sjá um kennslu námskeiða og námsleiða. Verktakar sjá líka um að vera matsaðilar í raunfærnimati.

Fræðslumiðstöðin leggur mikla áherslu á að þeir sem kenna séu sérfræðingar á sínu sviði. Þótt miðstöðin sækir stundum kennara út fyrir svæðið þá er lagt mikið upp úr því að fá kennara sem búa á Vestfjörðum. Með því er verið að nýta þá þekkingu sem til er á svæðinu, byggja upp reynslu og skapa atvinnu.

Árið 2020 voru verktakar hjá miðstöðinni um 60 talsins og rúmlega helmingur þeirra búsettur á Vestfjörðum.

## **Starfsstöðvar og starfsaðstaða**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er með starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum.

### **Ísafjörður**

Miðstöðin leigir rúmlega 300 fermetra húsnæði af Vestra ehf. á 1. hæð að Suðurgötu 12. Aðstaðan samanstendur af tveimur kennslustofum, fjórum skrifstofurýmum og sameiginlegu rými. Undir lok árs kom upp raki og mygla í annarri kennslustofunni og var henni lokað þar til viðgerð hafði farið fram. Húsgögn í kennslustofum eru komin til ára sinna og einnig þær tölvur sem ætlaðar eru nemendum. Í raun eru tölvurnar varla lengur boðlegar til kennslu enda orðnar yfir tíu ára gamlar. Mikil þörf er því á endurnýjun þessa búnaðar. Eins væri ákjósanlegt að festa kaup á a.m.k. einni gagnvirkri töflu með innbyggðum skjávarpa.

### **Hólmavík**

Síðustu ár hefur Fræðslumiðstöðin verið með aðstöðu á þriðju hæð í Þróunarsetrinu á Hólmavík. Með ráðningu þjónustustjóra á Hólmavík varð sú breyting að starfsemin færðist í Dreifnámshúsið sem er að Hafnargötu 19. Í húsnæðinu er aðstaða til að taka á móti nemendum sem koma í próf en sökum Covid 19 voru afar fá próf á árinu 2020. Námsverið er enn sem komið er í Hnyðju í Þróunarsetrinu. Nú er til skoðunar að aðstaða Fræðslumiðstöðvar og dreifnáms færist að nýju í Þróunarsetrið í byrjun næsta árs.

### **Patreksfjörður**

Þekkingarsetrið SKOR veitir Fræðslumiðstöðinni aðstöðu á Patreksfirði. Í SKOR er námskeiðsaðstaða fyrir litla hópa og aðstaða til að taka próf hvort sem eru háskólapróf eða framhaldsskólapróf. Á árinu 2020 voru fá háskólapróf tekin á Patreksfirði. Fyrir liggja breytingar í SKOR og því fyrirsjáanlegt að Fræðslumiðstöðin flytji sig um stað innan Patreksfjarðar.



## Rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Árið 2020 og tvö síðustu ár á undan var rekstur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða jákvæður. Þar sem miðstöðin var rekin með halla um nokkurra ára bil hefur endurnýjun á búnaði og tölvukerfi verið í algjöru lágmarki. Því hefur skapast uppsöfnuð þörf varðandi endurnýjun á tölvu-, og húsbúnaði og vegna endurnýjunar á heimasíðu svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu 2020 var fjárfest í tölvu og lpad og á næsta ári höldum við svo vonandi áfram að uppfæra tæki og heimasíðu.

## Formlegir samstarfsaðilar

### Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og mennta- og menningarmálaráðuneytið gerðu með sér samning þann 18. desember 2014 en hann rann út í lok árs 2018. Framhald á samningnum var gert fyrir árið 2019 og aftur fyrir árið 2020 en er nú laus. Í samningnum frá 2014 er kveðið á um þá þjónustu sem Fræðslumiðstöðin á að veita. Þar segir:

Fræðslumiðstöðin mun vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vestfjörðum; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa, þ.á.m. bjóða fólki með erlend móðurmál íslenskukennslu. Þjónusta á sviði framhaldsfræðslu skal veitt og þróuð í samstarfi meðal annars við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila. Fræðslumiðstöðin mun vera með fjarnáms- og kennsluaðstöðu á Vestfjörðum vegna framhaldsfræðslu og þjónustu við nemendur á framhaldsskólastigi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Úthlutun til Fræðslumiðstöðvarinnar á fjárlögum ársins 2020 voru 20 milljónir auk viðbótarframlags upp á 6,5 milljónir. Samkvæmt áætlunum þá eru áætluð framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir næstu tvö ár einnig 20 milljónir og verður að segjast að óvissan um viðbótarframlag er erfið, en viðbótarframlag vegna ársins 2020 lá fyrir í desember.

### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. FA er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða sækir á hverju ári um úthlutun úr sjóðnum. Fyrir árið 2020 fengust rúmar 18 milljónir til kennslu vottaðra námsleiða, rúmar 7,8 milljónir í raunfærnimat og rétt um 4,6 milljónir til náms- og starfsráðgjafar. Samtals numu því framlög Fræðslusjóðs árið 2020 ríflega 30,5 milljónum. Lækkun framlaga frá fyrra ári er því upp á tæpar 5,3 milljónir.

### **Háskólasetur Vestfjarða**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Háskólasetur Vestfjarða hafa lengi verið með samning sín á milli um að á Hólmavík og Patreksfirði sjái miðstöðin um framkvæmd prófatöku fyrir háskólana í landinu. Haustið 2020 sá starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar einnig að hluta til um yfirsetu prófa á Ísafirði. Fræðslumiðstöðin og Háskólasetur hafa einnig haft samvinnu sín á milli varðandi kennsluhúsnæði þegar önnur hvor stofnunin þarf auka kennslustofu.

### **Fjölmennt**

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra og hefur sá samningur verið endurnýjaður árlega. Í samningnum er tekið fram að miðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vestfjörðum. Framlög til námskeiðahalds voru 3 milljónir á árinu 2020 og haldin voru 13 námskeið. Einkar ánægjulegt er að hægt hafi verið að halda dagskrá þessara námskeiða í ljósi heimsfaraldursins.

### **Virk og Starfsendurhæfing Vestfjarða**

Gott samstarf er við Starfsendurhæfinguna og Virk, en einstaklingar sem eru í þjónustu þar geta sótt ákveðin námskeið hjá Fræðslumiðstöðinni sem hluta af sínum úrræðum og fengið þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

## Námið

Árið 2020 var mjög sérstakt ár og ólíkt öllum öðrum árum frá stofnun Fræðslumiðstöðvarinnar. Í upphafi árs var veður með versta móti sem hafði áhrif á námskeiðshald og tímasókn nemenda í janúar og febrúar. Um miðjan mars, þegar samkomutakmarkanir vegna COVID-19 tóku gildi, þurfti að endurskipuleggja allt nám í einni svipan og koma því í fjarkennslu sem mögulegt var.


Í ljósi aðstæðna á vormánuðum tóku sjóðirnir Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt þá ákvörðun að greiða námskeiðsgjöld fyrir sitt fólk á öll fjarkennd námskeið og stóð það út árið. Þá átti miðstöðin í samstarf við Vestfjarðastofu um að bjóða tiltekinn fjölda ókeypis námskeiða á vormisseri. Haustið 2020 komst á samningur við FosVest um að endurmenntunarsjóður félagsins greiddi þátttökugjöld fyrir sína félagsmenn, þá sem eiga ónýttan rétt til endurgreiðslu. Þessar aðgerðir miðuðu allar að því hvetja til náms og auðvelda aðgengi að fræðslu. Samningurinn gaf góða reynslu og hefur verið framlengdur.

Frá stofnun Fræðslumiðstöðvar hefur flest ár verið boðið upp á bæði smáskipanám og nám fyrir smáskipavélaverði. Reglugerðabreyting sumarið 2020 varð til þess að endurskoða þurfti námskrár fyrir þetta nám. Sú endurskoðun dróst á langinn með þeim afleiðingum að ekki var hægt að bjóða upp á smáskipanám né vélavarðarnám árið 2020.

Þau markmið sem sett voru fram í starfsáætlun fyrir árið 2020 varðandi nám stóðust því ekki. Gert var ráð fyrir 32.500 nemendastundum en í raun urðu þær 25.639. Þátttakendum fækkaði og fjöldi námskeiða dróst saman. Hér á eftir eru helstu tölulegar upplýsingar um námið 2020.


### Fjöldi námskeiða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða stóð fyrir 110 námskeiðum árið 2020. Til samanburðar voru námskeiðin 127 árið 2019. Gert var ráð fyrir að námskeiðum mundi eitthvað fækka á milli ára þar sem nánast var búið að klára markaðinn fyrir endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra. Það gekk eftir með þeim afleiðingum að töluerð fækkun var í réttindanámi, úr 19 námskeiðum 2019 í sex 2020. Einnig var töluerð fækkun í almennum námskeiðum, þau voru 46 árið 2020 en 61 árið áður. Mikil áhersla var lögð á íslenskunámskeið og skilaði það sér í fjölgun á milli ára úr 31 árið 2019 í 34 árið 2020. Vottuðum námsleiðum fjölgaði einnig á milli ára, úr átta í 11 og sama gildir um námskeið fyrir fólk með fötlun sem fóru úr átta 2019 í 13 árið 2020.



## Fjöldi þátttakenda


Samanlagður fjöldi þátttakenda í öllu námi hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árið 2020 var 1.265 sem er nokkur fækkun frá árinu 2019 þegar þátttakendur voru 1.402.




Rúmur helmingur þátttakenda, 742 manns, voru að sækja almenn námskeið, 57 eða um 4,5% voru í réttindanámi, 275 voru skráðir á íslenskunámskeið, 126 tóku þátt í vottuðu námi og þátttakendur á námskeiðum fyrir fólk með fötlun voru 65. Hlutfallslega er lang mesta fækkun þátttakenda á milli ára í réttindanámi. Þátttakendum fjölgar hins vegar í vottuðu námi og íslensku.

## Fjöldi nemendastunda

Nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs en þar er búið að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra kennslustunda á sama námskeiði. Starfsmarkmið fyrir árið 2020 voru 32.500. Markmiðið náðist ekki þar sem nemendastundir enduðu í 25.639 og hafa ekki verið færri síðan árið 2008.



Nemendastundum fækkar í öllum flokkum utan íslensku og náms fyrir fólk með fötlun. Nánar verður fjallað um nemendastundir í einstökum flokkum hér á eftir.



### Nemendastundir eftir svæðum (kennslustað)


Dreifing nemendastunda á milli svæða var ekki í takti við það sem sett var fram í starfsmarkmiðum ársins 2020. Þegar talað er um svæði hér þá er átt við hvar námskeið er haldið en ekki búsetu nemenda. Í markmiðunum er annars vegar horft til námskeiða sem eru niðurgreidd eða styrkt, þ.e. vottað nám með stuðningi Fræðslusjóðs, íslenska með stuðninga frá Rannís og nám fyrir fólk með fötlun í samstarfi við Fjölmennt, og hins vegar eru sett markmið fyrir annað nám sem eru þá almenn námskeið og réttindanám.

Í stuttu máli þá er árangur langt undir markmiðum nema í fjarkenndu niðurgreiddu námi. Niðurstaðan endurspeglar betur en flest annað það gjörbreytta umhverfi sem tók við með samkomutakmörkunum um miðjan mars. Þá varð öll staðkennsla mjög erfið og ómöguleg á köflum. Ekkert nám var staðkennt á Ströndum og Reykhólum og heldur ekkert almennt nám á suðursvæði Vestfjarða. Þar tókst þó að staðkenna íslenskunámskeið áður en samkomutakmarkanir tóku gildi.

Nemendastundir skipt eftir svæðum og flokkum – starfsmarkmið 2020 og árangur.				
Svæði	Niðurgreitt nám (vottaðar námsleiðir, íslenska og nám fyrir fatlaða)		Annað nám (almenn námskeið og réttindanám)	
	Markmið	Árangur	Markmið	Árangur
Norðursvæði	16.000	5.562	6.600	1.588
Suðursvæði	1.500	450	1.700	0
Strandir og Reykhólar	300	0	200	0
Fjarkennt	2.200	14.582	4.000	3.457

## Skipting eftir búsetu þátttakenda


Eðli málsins samkvæmt hefur þátttaka á námskeiðum verið langmest á norðanverðum Vestfjörðum þar sem mannfjöldinn er mestur. Árið 2020 var þar engin undantekning. Skipt eftir svæðum þá voru þátttakendur með skráð lögheimili á norðanverðum Vestfjörðum 966, í Vesturbyggð og Tálknafirði 165, á Ströndum og Reykhólum 93 en 41 með skráð lögheimili utan Vestfjarða. Það er vert að benda á að þrátt fyrir að mjög mikið hafi verið fjarkennt og þar með hafi möguleikar fólks utan norðanverðra Vestfjarða á að sækja námskeið Fræðslumiðstöðvarinnar aukist verulega, að þá eykst hlutfall þátttakenda á öðrum svæðum Vestfjarða ekki eins mikið og kannski hefði mátt búast við. Reyndar fjölgar þátttakendum frá Reykhólum og Ströndum aðeins bæði í raun og sem hlutfall af heildarfjölda en þátttakendum af sunnanverðum Vestfjörðum fækkar.



## Aldurskipting þátttakenda og kynjahlutfall

Þátttakendur dreifast nokkuð jafn á hvert 10 ára aldursbil frá 25 ára og til 64 ára, eða á bilinu 20%-23% sem er mjög sambærilegt við fyrri ár. Ekkert eitt aldursbil sker sig áberandi úr. Um 13% þátttakenda skiptist svo á milli aldurshópanna undir 25 ára og eldri en 65 ára. Þetta rímar mjög vel við að markhópur fullorðinsfræðslunnar er fyrst og fremst fólk á vinnumarkaði.

Nánast frá stofnun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur verið töluverður kynjahalli á námskeiðum, körlum í óhag. Aðeins einu sinni hefur hlutfall karla verið hærra en kvenna en það gerðist árið 2018. Árið 2020 var mikið kvennaár þar sem 78% þátttakenda voru konur en 22% karlar. Fara þarf allt aftur til ársins 2007 til sjá svona lágt hlutfall karla. Hér hefur mjög mikið að segja að námskeið fyrir sjómenn voru ekki kennd og einnig að endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra voru mjög fá, en þau hafa að langmestu leyti verið sótt af körlum.




### Vottaðar námsleiðir

Vottaðar námsleiðir eru kenndar samkvæmt námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með stuðningi Fræðslusjóðs og eru ætlaðar fólki sem ekki hefur lokið námi í framhaldsskóla. Á árinu 2020 voru alls 10 hópar í vottuðum námsleiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Þrjár þessara námsleiða voru framhald frá haustinu 2019, það er *Grunnmenntaskóli*, *Verkfærni í framleiðslu* í samstarfi við Vinnumálastofnun og *Matarsmiðja – beint frá býli*. *Matarsmiðjan* var haldin í samstarfi við Vestfjarðastofu þar sem stór hluti þátttakenda var utan markhóps framhaldsfræðslunnar og því ekki hægt að kenna með stuðningi Fræðslusjóðs en með aðkomu Vestfjarðastofu var hægt að höfða til breiðari hóps. Í samstarfi við Vinnumálastofnun var einnig kennd *Íslensk menning og samfélag* (tveir hópar) og fyrri hluti af *Stökkpalli* (tveir hópar) en seinni hlutinn er kenndur á vorönn 2021. Eitt *Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk* var haldið í samstarfi við fiskvinnslufyrirtæki. Á haustönn var byrjað var á tveimur námsskrám sem ekki hafa áður verið í boði hjá Fræðslumiðstöðinni og heldur kennsla þeirra áfram vorið 2021. Annars vegar *Samfélagstúlkun* og hins vegar *Líf og heilsa* sem kennd er í tveimur hópum þar sem aðsókn var mjög góð.

Námsleið	Hópar
Grunnmenntaskólinn	1
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	1
Íslensk menning og samfélag	2
Líf og heilsa	2
Matarsmiðja – beint frá býli	1
Samfélagstúlkun	1
Stökkpallur	2
Verkfærni í framleiðslu	1


Samanlagður fjöldi þátttakenda í vottuðum námsleiðum voru 126 sem er nokkuð í lægri kantinum miðað við flest undanfarin ár að 2019 undanskildu þegar þátttakendur voru 97. Nemendastundir

voru nokkuð færri en árið á undan eða 11.664 í samanburði við 14.590. Fækkun nemendastunda má að hluta til rekja til þess að nokkuð af námsleiðunum voru annað hvort nokkuð stuttar eða kenndar að hluta þannig að hluti kennslustunda í þeim munu telja á næsta ári.



### Réttindanám

Fræðslumiðstöðin á í samstarfi við nokkra aðila varðandi réttindanám og fer það eftir eftirspurn hverju sinni hvað er í boði. Miðstöðin er í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði um nám í vélgæslu og um húsnæði, til dæmis fyrir verklegan hluta í vélgæslunámi. Þá hefur miðstöðin verið í samstarfi við Skipstjórnarskóla Tækniskólans um smáskipanám og er með leyfi frá Samgöngustofu til að kenna endurmenntunarnámskeið sem atvinnubílstjórar þurfa að sækja til þess að endurnýja atvinnuréttindi sín.




Algjört hrun var í þátttöku í réttindanámi árið 2020, 57 þátttakendur til samanburðar við 583 árið áður. Að sama skapi fækkaði nemendastundum um hátt í 90%. Hér hefur mest að segja að



smáskipanámið og nám fyrir smáskipavélaverði var ekki haldið en einnig hefur áhrif að mjög fá námskeið voru fyrir atvinnubílstjóra enda markaðurinn að mestu mettaður þar að sinni.


### Íslenskunámskeið fyrir útlendinga

Kennd voru 34 námskeið í íslensku fyrir útlendinga árið 2020 sem var alveg í samræmi við úthlutað fjármagn frá Rannís til íslenskukennslu. Þátttakendum fjölgaði á milli ára og nemendastundum sömuleiðis. Árið 2019 var byrjað að bjóða nokkur íslenskunámskeið í fjarkennslu og sú reynsla skilaði sér mjög vel þegar samkomutakmarkanir voru settar á og er væntanlega liður í því að íslenskukennslan gekk nokkuð vel þrátt fyrir allt.



### Almenn námskeið

Stærstur hluti þátttakenda í námi hjá Fræðslumiðstöðinni er að sækja hin svokölluðu almennu námskeið. Í þessum flokki eru bæði tómstundanámskeið og námskeið sem líta má á sem endurmenntun og starfsþróun. Samanlagður fjöldi þátttakenda árið 2020 var 749 og nemendastundirnar 3.772. Nemendastundunum fækkar hlutfallslega töluvert meira en þátttakendum og skýrist það fyrst og fremst af því að þegar allt nám fór í fjarkennslu var lögð rík áhersla á styttri námskeið sem gefa fáar nemendastundir þótt þátttakendafjöldinn sé ágætur.



### Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Á námskeiðum fyrir fólk með fötlun urðu nemendastundirnar á árinu 680 og þátttakendurnir 65. Þetta er nokkuð svipað og verið hefur undanfarin ár enda hópurinn mikið til sá sami á milli ára sem sækir námskeiðin.

### Náms- og starfsráðgjöf/hvatningarviðtöl

Hjá Fræðslumiðstöðinni starfar einn náms- og starfsráðgjafi auk eins starfsmanns sem lokið hefur framhaldsnámi sem ACC markþjálfari. Saman sinna þessir starfsmenn hvatningar- og starfsþróunarsamtölum til ráðþega auk þess að bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf. Aðrir ráðgjafar og verkefnastjórar hjá miðstöðinni sinna einnig viðtölum og aðstoða fólk eftir þörfum. Frá árinu 2017 hefur til dæmis verið boðið upp á hvatningarviðtöl á pólsku og hefur það verið töluvert notað. Ráðgjöf fer fram á starfsstöðvum Fræðslumiðstöðvarinnar, inn á vinnustöðum og í sífellt meira mæli rafrænt í gegnum fjarfund eða síma.

Fyrir árið 2020 var framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða rétt tæplega 4,6 milljónir. Miðstöðin nýtti allt fjármagnið og rúmlega það. Heildarfjöldi viðtala hjá Fræðslumiðstöðinni voru 304. Tölfræði viðtala er eftirfarandi:

Kyn	
Kona	159
Karl	145
<b>Alls</b>	<b>304</b>

Starfsmenntun - tvö ár eða meira	26
Stúdentspróf	10
<b>Alls</b>	<b>304</b>

Menntunarstig	
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	141
Grunnskóli	93
Háskólapróf	4
Iðnmenntun	1
Starfsmenntun - minna en tvö ár	29

Aldursbil	
25 ára og yngri	21
26-35 ára	70
36-45 ára	62
46-55 ára	78
56 ára og eldri	73
<b>Alls</b>	<b>304</b>

Viðtalstegund	
Hópráðgjöf	34
Hvatningarviðtal	76
Ráðgjafaviðtal	194
<b>Alls</b>	<b>304</b>

Staða á vinnumarkaði	
Annað	4
Atvinnuleitandi	80
Hlutastarf og hlutabætur	2
Í námi	16
Í starfi	191
Starfsendurhæfing	5
Öryrki	6
<b>Alls</b>	<b>304</b>

Ástæða viðtals	
Að eigin frumkvæði	96
Boðun í viðtal vegna VMST	43
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	58
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	9
Færnimöppugerð	13
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	12
Skimun í raunfærnimat	50
Stuðningur í matssamtali	20
Tilvísun frá VIRK endurhæfingasjóði	3
<b>Alls</b>	<b>304</b>

Þjóðerni	
Ísland	247
Pólland	42
Aðrar þjóðir	15
<b>Alls</b>	<b>304</b>

## Raunfærnimat

Aukin áhersla hefur verið á raunfærnimat undanfarin ár. Vinna við raunfærnimat fellst í því að kynna matið fyrir mögulegum þátttakendum, veita ráðgjöf og aðstoða við undirbúning matsins, útvega matsaðila og skipuleggja framkvæmd og veita eftirfylgni og ráðgjöf að mati loknu. Hjá Fræðslumiðstöðinni var boðið upp á raunfærnimat fyrir þjónustubrautir (félagsliða, leikskólaliða og stuðningsfulltrúa) og fisktækni (fiskvinnsla og fiskeldi). Þá var í fyrsta skipti boðið upp á mat í almennri starfshæfni. Þar er ekki metið á móti áföngum í formlega skólakerfinu og því fá þátttakendur engar einingar í því mati. Alls fóru 30 manns í gegnum raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og voru metnar einingar alls 1808.

Raunfærnimat hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Fjöldi þátt.	Konur	Karlar	Fjöldi metinna eininga	Meðaltal metinna eininga	Meðalaldur
Almenn starfshæfni	6	3	3	-	-	45
Þjónustubrautir (félagsliðar, leikskólaliðar, stuðningsfulltrúar)	10	10		665	67	51
Fisktækni	14	2	12	1143	82	41
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>15</b>	<b>15</b>	<b>1808</b>		

Í samvinnu við Iðuna fræðslusetur var boðið upp á mat í iðngreinum og í samvinnu við Visku í Vestmannaeyjum var mat í skipstjórn. Í samvinnunni felst að þátttakendur fá aðstoð við undirbúning

hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða en samstarfsaðilinn sér um verkefnastjórn og matið sjálft. Fimm aðilar fóru í mat hjá samstarfsaðilunum og fengu samtals metnar 182 einingar.

Ákveðið var að flytja hluta af raunfærnimatinu yfir á næsta ár en raunfærnimatsárið er 18 mánuðir og er því fram á mitt ár 2021.

## **Þjónusta við atvinnulíf**

Á árinu 2020 hefur Fræðslumiðstöðin haldið áfram með þá línu sem lögð var 2017 að leggja áherslu á að efla tengsl við fyrirtækin á svæðinu, bæði með því að bjóða upp á starfstengd námskeið og aðra þjónustu eins og verkefnið Fræðslustjóra að láni. Unnið var að kynningu á Fræðslustjóra að láni en því miður fór ekkert nýtt fræðslustjóraverkefni af stað árið 2020.

### **Fræðsla í fyrirtækjum**

Fræðslumiðstöðin hefur lagt aukna áherslu á starfsþróunarnámskeið en slík námskeið eru styrkt af sjóðum verkalýðssamtaka og geta fyrirtæki fengið u.þ.b. 75% af kostnaði við námskeið endurgreiddan og jafnvel meira. Námskeiðin eru þá gjarnan sérsniðin að þörfum fyrirtækisins og getur fræðslan verið á vinnustaðnum, í húsakynnum Fræðslumiðstöðvarinnar eða í fjarkennslu. Árið 2020 skipulagði Fræðslumiðstöðin viðamikla fræðslu fyrir fiskvinnslufyrirtæki þegar vinnsla stöðvaðist um tveggja vikna skeið vegna endurbóta, haldin voru nokkur námskeið sérstaklega ætluð ófaglærðum í grunn- og leikskólum, námskeið fyrir stafsfólk íþróttamannvirkja auk þess sem fyrirtæki nýttu opin námskeið fyrir starfsfólk sitt.

### **Þjónusta við Vinnumálastofnun á Vestfjörðum**

Fræðslumiðstöðin vinnur mikið með Vinnumálastofnun á Vestfjörðum og er samstarfið í tengslum við ráðgjöf, úrræði og annað sem stofnunin er að leita eftir hverju sinni. Árið 2020 voru fimm hópar frá Vinnumálastofnun í vottuðum námsleiðum. Þá voru fjögur íslenskunámskeið sérstaklega ætluð atvinnuleitendum auk námskeiðs um gerð ferilskrár. Þar fyrir utan gátu atvinnuleitendur sótt önnur námskeið með stuðningi Vinnumálastofnunar.

## **Samstarf við stéttarfélag og starfsmenntasjóði**

Fræðslumiðstöðin hefur undanfarin ár verið með samning við sjóðina Sveitamennt og Ríkismennt um að allir starfsmenn sem vinna hjá ríki eða sveitafélagi og greiða til Verkalýðsfélags Vestfirðinga eða Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur geti sótt starfstengd námskeið sér að kostnaðarlausu, þ.e. sjóðirnir greiði fyrir sitt félagsfólk og Fræðslumiðstöðin sækir námskeiðsgjöldin beint til sjóðanna. Í kjölfar samkomutakmarkanna í mars 2020 var þetta samkomulag útvíkkað tímabundið, náði það þá einnig til Landsmenntar og allra fjarkenndra námskeiða hvort sem þau væru starfstengd eða ekki. Upphaflega átti samkomulagið að gilda til 31. ágúst en var svo framlengt út árið.

Haustið 2020 hófst samstarf milli Fræðslumiðstöðvarinnar og Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum (FosVest) um að félagsmenn gætu sótt námskeið miðstöðvarinnar sér að kostnaðarlausu að því gefnu að þeir hafi ekki þegar fullnýtt rétt sinn til endurgreiðslu náms. Upphaflega var samkomulagið til áramóta til reynslu en þótti gefa góða raun og var því framlengt.

Þá hefur Fræðslumiðstöðin og stéttarfélagið Sameyki verið með samkomulag þess efnis að Sameyki velur ákveðin námskeið og býður sínum félagsmönnum að sækja sér að kostnaðarlausu, bæði

starfstengd námskeið og námskeið sem ætlað er að efla fólk í daglegu lífi. Starfsmennt hefur boðið aðildarfélögum sínum á 1-2 starfstengd námskeið á ári og þá er gerður samningur við miðstöðina í hvert skipti. Loks má nefna að Fræðslumiðstöðin hefur í mörg ár verið í samvinnu við Félag sjúkraliða um að geta innheimt námskeiðsgjöld fyrir tiltekin námskeið beint til félagsins þannig að sjúkraliðar hafa ekki þurft að leggja út fyrir námskostnaði sjálfir.

Þar sem umfang samstarfs við fræðslusjóði og stéttarfélög jókst töluvert á árinu 2020 er áhugavert að skoða hversu margir eru að nýta sér þennan möguleika. Því miður er ekki til samanburður við fyrri ár en ljóst er að einstaklingar nota þennan kost og líklegt að það að geta sótt fræðslu án beins kostnaðar virki hvetjandi til þátttöku.

Sjóður/félag	Fjöldi
Landsmennt	104
Sveitamennt	119
Ríkismennt	13
FosVest	48
Sameyki	12
Sjúkraliðafélagið	0*
Alls	296

\*Engin námskeið 2020 vegna Covid-19

## Gæðavottun

Tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna er eitt af skilyrðum þess að teljast viðurkenndur fræðsluaðili í fullorðinsfræðslu af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fræðslumiðstöðin hefur verið með EQM gæðavottunina (European Quality Mark) frá árinu 2013. EQM er gagnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. EQM tekur mið af gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir, innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila og hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er með samning um EQM-úttektir og á slík úttekt að fara fram reglulega hjá símenntunarmiðstöðvum. Upphaflega náði vottunin aðeins til náms en nú er raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf einnig undir og kallast kerfið þá EQM+.

Fræðslumiðstöðin fór í úttekt í mars 2020 og fékk mjög góða niðurstöðu um að starfsemin byggji á stöðlum EQM+ er varða fræðslu, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Ábendingar um verkefni til úrbóta snúa að því að formgera betur nokkra þætti gæðamatsins s.s. að fyrir liggja formleg úrbótaáætlun og starfspróunaráætlun til skemmri og lengri tíma.

## Persónuverndarstefna

Á árinu 2019 var byrjað að vinna að persónuverndarstefnu fyrir Fræðslumiðstöðina í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð ESB nr. 2016/679 (GDPR) um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og frjálst flæði

slíkra upplýsinga. Haft var samstarf við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Farskólann á Norðurlandi vestra. Vinnan kláraðist að mestu leyti árið 2019 en stefnan var samþykkt og birt á heimasíðu miðstöðvarinnar í mars 2020. Stefnuna á að endurskoða reglulega eftir þörfum.

## Frístundafiskimenn

Frá sumrinu 2012 hefur Fræðslumiðstöðin í samvinnu við ferðapjónustufyrirtæki og með leyfi Samgöngustofu séð um próf sem lögð eru fyrir erlenda frístundafiskimenn sem koma til Vestfjarða og hafa ekki nauðsynleg réttindi. Standist þeir prófið fá þeir tilskilin réttindi samkvæmt reglugerð nr. 1005/2010 (með síðari breytingum) um frístundafiskiskip og öryggi þeirra og námsskrá.

Sumarið 2020 fékk Fræðslumiðstöðin Veigar Gíslason til þess að hafa umsjón með próftökunni. Prófað var á Flateyri og Suðureyri, alls 23 einstaklinga. Það er mjög mikil fækkun frá fyrra ári þegar prófin voru 95. Þessi fækkun skýrist fyrst og fremst af þeim gríðarlega samdrætti sem varð í komu erlendra ferðamanna til Íslands vegna COVID-19.

	Fjöldi þátta.	Staður		Þjóðerni	
		Flateyri	Suðureyri	Þýskaland	Annað
Júní	4	4			4
Júlí	10	9	1	8	2
Ágúst	8	5	3	6	2
September	1	1		1	
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>19</b>	<b>4</b>	<b>15</b>	<b>8</b>

## Þróunarverkefni

Á árinu 2020 fékkst vottun Menntamálastofnunar á nýrri námskrá sem ber heitið *Fiskeldiskjarni*, en námskráin var unnin af Fræðslumiðstöð Vestfjarða í samstarfi við sérfræðinga á sviði fiskeldis. Þetta var ánægjulegur áfangi en leitað er tækifæris til að tilraunakenna námskrána.

Haldið var áfram að vinna að gerð námsefnis um velferð fiska í tengslum við laxeldi, verkefni sem fékk styrk úr þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins árið 2018. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ann Cecile Hilling sem sá um gerð námsefnisins en það er bæði á íslensku og ensku. Verkefninu mun ljúka að fullu á næsta ári.

Fræðslumiðstöðin studdi við verkefni tveggja íslenskukennara sem unnu að þróun á íslenskukennslu í fjarnámi fyrir Tailendinga. Um er að ræða röð námskeiða og var fyrsti hlutinn tilraunakenndur vorið 2019. Á árinu 2020 hélt samstarfið áfram og ánægjulegt að greina frá því að námskeiðin hafa verið vinsæl á landsvísu.

## Starfsáætlun 2021

### Starfsmarkmið fyrir árið 2021

Á árinu 2021 setur Fræðslumiðstöð Vestfjarða sér að ná eftirtöldum markmiðum í starfsemi sinni.

- Heildartekjur verði umfram heildargjöld.
- Fjöldi nemendastunda í vottuðum námsleiðum, íslensku fyrir útlendinga og námi fyrir fatlaða verði  $\geq 20.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða  $\geq 6.000$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða  $\geq 800$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum  $\geq 100$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi  $\geq 13.100$ .
- Fjöldi nemendastunda í öðru námi verði  $\geq 5.500$ .
- Þar af verði fjöldi nemendastunda á norðursvæði Vestfjarða  $\geq 2.500$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á suðursvæði Vestfjarða  $\geq 600$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda á Reykhólum og Ströndum  $\geq 100$ .
  - Þar af verði fjöldi nemendastunda í fjarkennslu eða dreifnámi  $\geq 2.300$ .
- Fjöldi viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa verði  $\geq 400$ .
- Þátttakendur í raunfærnimati verði frá öllum svæðum Vestfjarða.
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í fisktækni/fiskeldi verði  $\geq 9$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í samstarfi við Iðuna  $\geq 4$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í almennum bóklegum greinum  $\geq 2$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í þjónustubrautum verði  $\geq 9$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í skipisstjórn í samstarfi við Visku verði  $\geq 4$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í rafiðngreinum verði  $\geq 1$ .
  - Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati í almennri starfshæfni verði  $\geq 10$ .
- Fræðslumiðstöð vinni að a.m.k. einu fræðslugreiningarverkefni (MARKVISS).
- Fræðslumiðstöð vinni áfram í Erasmus+ þróunarverkefni sem kallast Blue mentor og hefji þátttöku í öðru þróunarverkefni.
- Áframhaldandi samstarf við starfsmenntasjóði.
- Lokið verði við innleiðingu á Innu.
- Heimasíða Fræðslumiðstöðvar verði endurskoðuð og uppfærð.
- Nám fyrir sjómenn verði endurskipulagt í ljósi nýrra námskráa.
- Fræðslumiðstöð setji formlega starfsþróunaráætlun fyrir starfsfólk miðstöðvarinnar.
- Fræðslumiðstöð setji formlega úrbótaáætlun fyrir miðstöðina.

## Fjárhagsáætlun 2021

Fjárhagsáætlun byggir á þeim starfsmarkmiðum sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur sett sér á árinu 2021 og þeim forsendum sem fyrir þeim liggja.

Í desember 2020 voru fastir starfsmenn 10 í um það bil 5,8 stöðugildum. Miðstöðin mun áfram reka mannaðar starfsstöðvar á þremur stöðum á Vestfjörðum.

Heildartekjur Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2021 eru áætlaðar um 107 milljónir og heildargjöld um 106,6 milljónir króna.

Nánari sundurliðun er í meðfylgjandi töflum. Það er gert ráð fyrir tækjakaupum á árinu 2021.

Tekjur	Áætlun 2020	Raun 2020	Áætlun 2021
<b>Framlög og styrkir</b>			
Rekstrarsamningar vegna framhaldsfræðslu	20.000.000	20.000.000	20.000.000
Viðbótarframlag vegna framhaldsfræðslu	4.700.000	6.500.000	6.500.000
Styrkir v/erlendra verkefna, þróunarstarf	1.400.000	0	1.900.000
Fjölmennt	3.000.000	3.000.000	3.700.000
Flutt frá fyrra ári		2.109.500	
<b>Samtals</b>	<b>29.100.000</b>	<b>31.609.500</b>	<b>32.100.000</b>
<b>Sí- og endurmenntun</b>			
Flutt frá fyrra ári (v. raunfærnimats)	4.524.000		2.414.000
Tekjur vegna námskeiða og verkefna	39.235.000	26.225.035	36.000.000
Íslenska fyrir útlendinga, Rannís	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Fræðslusjóður (FA)	31.130.000	30.456.000	32.450.000
	<b>79.389.000</b>	<b>61.181.035</b>	<b>75.364.000</b>
<b>Samtals tekjur</b>	<b>108.489.000</b>	<b>92.790.535</b>	<b>107.464.000</b>
<b>Gjöld</b>			
Verkefna- og námskeiðskostnaður	28.000.000	18.998.406	28.000.000
Laun og launatengd gjöld	64.200.000	59.003.249	62.500.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6.900.000	6.456.621	7.000.000
Annar rekstrarkostnaður	8.000.000	8.211.442	8.700.000
Fyrningar	400.000	334.637	400.000
	<b>107.500.000</b>	<b>93.004.355</b>	<b>106.600.000</b>
<b>Afkoma fyrir vaxtaliði</b>	<b>989.000</b>	<b>(213.820)</b>	<b>864.000</b>
<b>Vaxtaliðir</b>		<b>495.424</b>	
<b>Hagnaður (tap)</b>		<b>281.604</b>	

## Vottaðar námsleiðir

Framlög Fræðslusjóðs til kennslu vottaðra námsleiða árið 2021 er 18.050 þúsund krónur. Áætlað er að kenna 7 námsleiðir í 9 hópum; samtals 747 klukkustundir. Reiknað er með að meðaltali rúmlega 10 þátttakendum í hverjum hópi.



Vottaðar námsleiðir sem áætlað er að kenna árið 2021.

Námsleið	Hópar	Staður	Klst í heild	Kennt	VÖ21	HÖ21	Alls klst
Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk	2	Vestfirðir	48	Öll	96		96
Líf og heilsa	2	Vestfirðir	60	S.hl.	90		90
Stökkpallur	1	Vestfirðir	180	S.hl.	120		120
Samfélagstúlkun	1	Vestfirðir	130	S.hl.	73		73
Skrifstofuskólinn	1	Vestfirðir	160	Öll	80	80	160
Grunnmennt	1	Vestfirðir	374	F.hl.		168	168
Uppleið	1	Vestfirðir	40	Öll		40	40
<b>Alls kennsla</b>	<b>9</b>				<b>459</b>	<b>288</b>	<b>747</b>

### Náms- og starfsráðgjöf

Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar á árinu 2021 er 5.310 þúsund krónur auk 250 þúsund króna í akstur og ferðalög. Áætlað er að þetta dugi fyrir hið minnsta 400 viðtölum.

### Raunfærnimat

Framlag Fræðslusjóðs til raunfærnimats á árinu 2020 eru samtals 7.828 þúsund krónur og skiptist þannig á greinar:

- Almennar bóklegar greinar 659.000
- Fiskvinnsla og fiskeldi kr. 4.875.000
- Iðngreinar í samstarf við IÐUNA kr. 292.500
- Þjónustubrautir 1.791.000
- Rafiðngreinar 30.950
- Skipstjórn (samstarf Viska) 179.550

Af árinu 2019 voru færðar kr. 4.524.250 til raunfærnimats, þannig að samtals til raunfærnimats á árinu 2020 eru 12.352.250 krónur. Á árinu 2020 gekk vel að vinna raunfærnimatsverkefni en af kvótanum kláruðust tæpar 10 milljónir en mismunurinn færirist til næsta árs.

### Íslenska fyrir útlendinga

Fræðslumiðstöð Vestfjarða gerir ráð fyrir að kenna 34 námskeið í íslensku fyrir útlendinga á árinu 2020. Hvert námskeið er 30 kennslustundir og er gert ráð fyrir 10 þátttakendum á hverju námskeiði. Námskeiðin hafa ýmist verið stað- eða fjarkennd.

## Fullorðinsfræðsla fyrir fólk með fötlun

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur í mörg ár verið í samstarfi við Fjölmennt – símenntun og þekkingarsetur um kennslu og þjónustu við fólk með fötlun. Hefur Fjölmennt veitt styrki til þeirrar kennslu.

Á árinu 2021 er áætlað að kenna fólki með fötlun 148 stundir og að fjöldi þátttakenda verði 74. Að auki er fyrirhugað að nota hluta af framlagi Fjölmenntar til að greiða fyrir nám með stuðningi.

## Erlend verkefni

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er þátttakandi í einu Evrópuverkefni sem er Blue Mentor. Þátttökuþjóðir eru Ísland, Noregur og Skotland. Markmið verkefnisins er að bæta fiskeldisnám og gera það aðgengilegt í dreifðum byggðum. Sjónum verður beint að samfelldri námsskrá milli skólastiga og starfsþjálfun á vettvangi. Áætluð lok eru 2021.

## Þjónusta við fyrirtæki og stofnanir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða býður fyrirtækjum og stofnunum stuðning í fræðslu- og starfsmannamálum.

- Aðstoð við starfsmannabróun með námskeiðum fyrir atvinnulífið.
- *Fræðslustjóri að láni* þar sem fram fer greining fræðsluþarfa með greiningarkerfinu Markviss og eru verkefni styrkt af starfsmenntasjóðum.
- Fræðsluáætlanir.
- Sérniðin starfstengd námskeið samkvæmt beiðnum fyrirtækja og stofnana.
- Leiðsögn um hvar er hægt að sækja um styrki vegna fræðslu starfsmanna.
- Hæfnigreining starfa.

## Lokaorð

Það er óhætt að segja að árið 2020 hafi verið krefjandi og lærdómsríkt. Undirritaðri er efst í huga þakklæti í garð starfsfólks og verktaka Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða sem við afar erfiðar aðstæður var skapandi og lausnamiðað og sýndi mikla aðlögunarhæfni og seiglu. Þakkir fær einnig stjórn Fræðslumiðstöðvar og samstarfsfólk í Kvasi fyrir hvatningu og stuðning. Síðast en ekki síst fá viðskiptavinir miðstöðvarinnar kærar þakkir fyrir samstarfið því að án þeirra væru verkefni og framþróunin engin.

Segja má að áskoranir ársins 2020 hafi kallað á hæfnipætti sem nú þykja hvað eftirsóknarverðastir á vinnumarkaði. Hér mætti nefna frumkvæði, aðlögunarhæfni, sköpun, seiglu og tækninotkun. Hæfni eykst við þjálfun og því má kannski segja að ávinningurinn sé okkar.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur vilja til að efla samstarf við einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sí- og endurmenntun er tækifæri til sóknar og saman getum við unnið að uppbyggingu einstaklinga og atvinnu á svæðinu.

Takk fyrir samstarfið á árinu 2020

*Sædis María Jónatansdóttir, framkvæmdastýra*